

# Arvedávgeriiki

Höfundur texta: Mary Ailonieida Sombán Mari (Noregi)

Höfundur mynda: Sissel Horndal (Noregi)  
Davvi Girji, 2022

Var tilnefnd til Barna- og unglingsbókaverðlauna Norðurlandaráðs 2023.

Söguþráður: Sagan fjallar um hvernig regnboginn varð til. Í upphafi sögunnar kynnumst við litunum þar sem hver litur er í laginu eins og hreindýr. Allir hafa litirnir sína styrkleika og sérkenni en eiga líka eitthvað sameiginlegt. Litirnir halda til veislu á Jónsmessu en veislan stöðvast vegna óveðurs. Það er vilja og styrk litanna að þakka að þeir geta sameinast í regnboga.

Efnisorð: Litir, vinátta, fjölbreytileiki, náttúrufyrirbæri, náttúra, Samaland

## Samtöl og leikur:

### SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið bókina saman. Hvaða liti finnið þið? Náið ykkur í krít í mismunandi litum og teiknið saman fiðrildi í mismunandi litum og regnboga.

### LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðið bókarkápuna. Um hvað haldið þið að bókin sé?
2. Skoðið opnurnar í bókinni saman, hvað haldið þið að hreindýrunum finnist gaman að gera?
3. Virðið fyrir ykkur litina í stofunni. Hvað finnið þið marga mismunandi liti? Hversu marga græna liti og hversu marga rauða liti sjáið þið?
4. Hversu mörg tungumál eru töluð í hópnum ykkar? Skrifid orð á hinum ýmsu tungumálum og hengið upp á vegg og sýnið með tungumálum og menningu hvað hópurn er fjölbreyttur.
5. Öll börnin teikna blöðru með uppáhaldslitnum sínum. Búið til blöðrusýningu í stofunni með blöðrum í ólíkum litum og fagnið vináttu ykkar!
6. Hlustið á samíska jölköng og látið börnin teikna á meðan þau hlusta á tónlistina.



ISBN 978-952-7572-03-0

## BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Hver litur í bókinni hefur sinn eiginleika. Veljið tvo liti og veljið fyrir ykkur hvar þeir birtast og hverjir eiginleikar litanna gætu verið.
2. Í upphafi bókarinnar lifa litirnir sem eru í laginu eins og hreindýr í sínum eigin heimi. Hvernig myndist ykkur að aðeins væri til einn litur í heiminum? Eða ef engir litir væru í heiminum?
3. Hverjir eru styrkleikar ykkar, í hverju eruð þið góð? Í hverju eru vinir ykkar góðir? Eigið þið eitthvað sameiginlegt með vinum ykkar? Veltið því fyrir ykkur, tvö og tvö.
4. Litunum er boðið í veislu á Jónsmessu. Skoðið opnuna þar sem þeir eru á leið í veisluna. Hvernig ferðast þeir? Við hverju haldið þið að þeir búist?
5. Skoðið myndirnar. Hreindýrin eru á hverri síðu en þekkið þið snöruna og samísku trommuna? Reynið að komast að einhverju um þessa samísku hluti, til hvers eru þeir notaðir.
6. Saman eru litirnir sterkir og mynda regnboga. Hugsið um mismunandi aðstæður þar sem við erum sterkari saman.
7. Í lítafræðinni er talað um þrjá grunnliti. Hverjir eru þeir? Teiknið regnboga með því að blanda grunnlitunum saman.

## BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst erfitt að skilja? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?

2. Veltu fyrir þér hugtakinu fjölbreytileiki út frá myndabókinni og öftustu opnunni.

3. Í sögunni mæta þær báðar, Þruman og Eldingin í veisluna á Jónsmessu. Kynntu þér fleiri náttúruþyrirbæri í heimsmýnd Sama.

4. Hvernig verður regnbogi til? Finndu upplýsingar um það!

5. Finndu nokkra söngtexta eða málshætti þar sem minnst er á regnboga.

6. Hefðbundinn klæðnaður Sama er litríkur. Kannaðu hvernig klæðnaðurinn er á litinn og hvað litirnir tákna.

7. Skrifaðu ljóð þar sem hver lína hefst á lit.

#### AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:



Joels färger. Höfundur: Isela Valve.

Pipa Sulullu qaangiipput. Höfundur: Naja Rosing-Asvid.

Jag och alla. Höfundar: Ylva Karlsson og Sara Lundberg.

### MÁLAMOLI

## "Regnbogi"



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)